

Harpa - Tónlistar- og ráðstefnuhús



Lýsing

Verkefnið er vinningstillaga í alþjóðlegri samkeppni, svokölluðu samningskaupaferli sem lauk haustið 2005. Í byggingunni eru 4 salir. Aðal tónlistarsalur fyrir 1800 manns, svokallaður æfingarsalur þar sem 450 manns geta setið, ráðstefnusalur fyrir 750 manns í sæti og lítill salur einkum ætlaður fyrir kammertónlist fyrir tæplega 200 manns. Að auki eru tvö fundarými fyrir 60 manns ásamt fleiri minni fundaherbergjum sem og opnum sýningarrýmum og veitingastaðum. Að norðanverðu í byggingunni eru fjölbreytileg æfingarymi og búningsherbergi tónlistarfólks, auk skrifstofuaðstöðu rekstraraðila.


Byggingin er undir áhrifum íslenskrar náttúru sem er óendanleg uppsretta líta, frá glóandi rauðum yfir í dimmbláa tóna með blæbrigðum úr beljandi ólgusjó yfir í spegilsléttan hafflöt. Þessa arkitektúrsins er að skapa krystallform með mismunandi litum úr umhverfinu sem birtast notaendum á síbreytilegan hátt. Byggingin stendur ein á hafnarkantinum eins og póleraður steinn sem endkastar mismunandi birtu, litum og skýjarfari sólarhringsins og árstíðanna. Þegar sólin kastar geislum sínum á bygginguna kallar hún fram smáatriði ljóss og skugga í sínum gylltu litbrigðum, glóandi hraunkvika eða ísblá jökulbreiða. Glerhjúpurinn er hannaður í samvinnu við listamanninn Ólaf Elíasson.

Í hönnun hússins var lögð áhersla á að forsalur og sýningarsvæði hefðu góða dagsbirtu og var unnið mjög meðvitað með það birtuspil í andstöðu við salina sem eru án dagsbirtu en á móti í sterkum litum veggja eða ljóss.

Upplýsingar

Nafn	0526 "Harpa", Tónlistar og ráðstefnuhús
Heimilisfang	Austurbakki 2, Reykjavík
Verkkaupi	Eignarhaldsfélagið Portus ehf
Arkitektar	Batterið Arkitektar ehf og Henning Larsen Architects a/s .
Landslagsarkitekt	Landslag ehf

Ráðgjafar:	Ólafur Elíasson
Listamaður	Rambøll as, Mannvit hf og Hnit hf Rambøll as og Mannvit hf
Burðarvirki	Rambøll as og Mannvit hf
VVS	Artec
El	ÍAV ehf
Hljóðtækni	28.000 m ² / 244.000 m ³
Verktaki	ca 30 milljarðar kr
Stærðir	2011
Heildarkostnaður	
Tilbúið	



Harpa - Tónlistar- og ráðstefnuhús



Tæknilegar upplýsingar

Orkugjafar
úr jarðvarma og vatnsafl.
Orkunotkun

Meðal u-gildi

Loftræsting
einnig hita.
Byggingarefni

Alþjóðleg hönnun

Annað

upphitun byggingar og rafmagn er aðallega unnið

Árleg mæld orkubörf ca 113 kWh/m². Mæld orkugeta 4870m². Orkubörf 3.0 MW.

Allar framhliðar byggingar eru klæddar Lág-orku gleri. Suðurhlið byggingarinnar er tvöföld og loftræst. Meðal u-gildi byggingarinnar er 1,6 W/kvK. Quasibrick-fasaden er vel einangrandi (blæs inn heitu lofti).


vélræn. Loftræstikerfi og eldhústæki framleiða

Helsta byggingarefnið, steypa, er íslensk framleiðsla. Einnig eru gólf úr íslensku basalti. Viðarpanelar er aðallega frá Skandinavíu.




Lögð er rík áhersla á alþjóðlega hönnun í aðkomu, landslagsmótun og innréttingum.

Dökku steinsteypufletirnir í háum móttökusalnum safna í sig hita og virka sem stór hitamassi, en stjórnskrifstofur og aðrar skrifstofur eru í svalandi norðuhluta byggingarinnar.






Harpa - Tónlistar- og ráðstefnuhús



Eldborg


Mikilvægasta rýmið eða hjartað í byggingunni er tónlistarsalurinn. Arkitektónískar útfærstur og samspil hljómburðar, sjónlína, innréttinga, húsgagna, loftræstingar og almennra þæginda eru þættir sem skapa góðan tónlistarsal. Haft var að leiðarljósi að leggja áherslu á að byggja nútímalegan, einstakan og hátíðlegan tónlistarsal, sem myndi laga sig að margskonar viðburðum, meðal annars ráðstefnuhalda. Salurinn er hannaður sem hefðbundinn skókasssaform og er umkringdur svokölluðum enduróms klefum. Í salnum er einnig tónlistargryfja sem getur nýst í tengslum við óperu- og tónlistarviðburði. Veggir eru klæddir rauðlökkuðum birkispón og gólf með reykað/kolbæsað eikarparketi. Dökkrauð sætin minna á rauðglóandi hraun sem endurkasta ljós og liti. Hljó og aðlaðandi áhrif salararins eru í mótsögn við hið þunga og dökka andrúmsloft í blönduðu svæðunum.








Harpa - Tónlistar- og ráðstefnuhús

Norðurljósasalur



Æfingasalurinn liggur á milli tónlistarsalarins og ráðstefnusalarins. Veggirnir eru útbúnir hlóðgleypanði borðum afskermaðir með hálfopnum panelum, sem nýstast til mismunandi hljóðstillinga. Lýsingu er komið fyrir í millirýmum panela og veggja og líkjast flöktandi norðurljósa sem dansa í takt við tónlistina. Stór glerveggur milli æfingasalarins og samliggjandi móttökusalur hleypa inn dagsbirtu, sem gefur einnig almenningi möguleika á að fylgjast með æfingum úr móttökusalnum. Salurinn er fullbúinn öllum þörfum til ráðstefnuhalds og er einnig hentugur fyrir gala sýningar og móttökur með norðurljósa þema, þar sem lofthæðin er mikil.





Harpa - Tónlistar- og ráðstefnuhús

Bílakjallari

Við hönnun bílahússins var haft í huga að rýmið er einskonar forrými og það fyrsta sem mætir mörgum af gestum Tónlistar og ráðstefnuhússins Hörpu. Leitast var við að hanna mannvirki sem væri vinalagt, bjart og að þar væru gestir boðnir velkomnir. Því var lögð rík áhersla á að hafa birtustig hærra en lágmarkskröfur gera ráð fyrir og nota lýsingu, lífliga liti og létt efni meðvitað á móti steypunni til að auka öryggiskennd notenda hússins og auðvelda flæði. Valið var að skipta bílahúsinu upp í svæði sem máluð voru í auðkennandi

